



LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **M-00314/AIG-01**

Dags: **27. febrúar 2014**

Staður: **Reykjavíkflugvöllur**

Lýsing: **Nefhjól læstist ekki niðri**

Er flugmaður N995RK (Cessna 210) setti hjól flugvélarinnar niður, kviknaði ekki grænt ljós til staðfestingar að nefhjól væri niðri og læst. Eftir yfirflug og skoðun hjólabúnaðar á lofti var staðfest að nefhjólið væri niðri en líklega ekki læst. Flugmaðurinn slökkti því á hreyfli og rafmagni rétt fyrir landingu og framkvæmdi mjúkbrautarlandingu á braut 13 á BIRK. Flugvélin lenti á aðalhjólunum og hélt flugmaðurinn nefi flugvélarinnar uppi megnið að brautarbruninu. Þegar nefhjól flugvélarinnar snerti brautina féll það saman og flugvélin rann stutta vegalengd eftir brautinni enda komin á litla ferð. Mjög litlar skemmdir urðu á flugvélinni. Við skoðun í skýli kom í ljós að nefhjólsbúnaður virkaði ef vökvadæla var á. Einnig kom í ljós að nefhjólið fór niður en náði ekki að læsast ef vökvadælan var ekki á. Þegar vökvadæluforðabúr var skoðað kom í ljós að lítill vökvi var í því. Talið er að lítill vökvi í vökvadæluforðabúri hafi orðið til þess að hjólið læstist ekki niðri.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 10. apríl 2014.